



## Ársskýrsla 2022

### Golfklúbbur Suðurnesja

Kæru félagar,

Heilt yfir var síðasta starfsár gott hjá okkur þó sumarið hafi verið frekar vætusamt, fundum við ágætlega fyrir því á stigamótunum okkar á þriðjudögum.

Í veðurofsa í fyrravetur fauk þakið af ræsissskúrnum, grindverkið við bílastæðin eyðilagðist og stóra fánastöngin brotnaði. Því miður var ekkert af þessu tryggt. En góðir GS félagar löguðu kofann fyrir okkur þannig að hann er eins og nýr og keypt var ný fánastöng.

En við fengum góða uppbót núna í haust en veðurfarið þá og núna inn í veturinn hefur verið alveg einstaklega gott fyrir okkur kylfinga og með ólíkindum að við skulum enn vera að spila á sumarflötum nú í nóvember.

Stjórn og starfsfólk varði fyrstu mánuðum ársins í að skipuleggja starfið fyrir sumarið. Áætlað var hvað við þyrftum af starfsfólki og í hvaða formi veitingasalan yrði rekin. Í hvaða framkvæmdir yrði farið og í hverju þyrfti að fjárfesta. Við vissum að við myndum ekki fá þá launastyrki í ár sem við höfðum fengið vegna Covid síðastliðin tvö ár. Það gerði það að verkum að við urðum að huga vel að hvað klúbburinn gæti borið án þess að skila tapi í rekstri. Við lögðum af stað með áætlanir um ráðningar og skipulag en urðum þess fljótt áskynja að við næðum ekki að ráða inn starfsfólk til að geta sinnt öllu eins vel og við lögðum upp með. Það var almennt lítið framboð af starfsfólki eins og mörg fyrirtæki á svæðinu voru að glíma við. Eins fundum við að mörg fyrirtæki voru enn að jafna sig eftir heimsfaraldur og styrkir ekki auðfengnir.

Starfsfólkið sem var hér í sumar gerði kraftaverk og náði að láta allt ganga vel þrátt fyrir að vera fáliðuð, unnu mikið og lögðu mikið á sig fyrir klúbbinn. Fyrir það viljum við í stjórninni sérstaklega þakka.

Í janúar opnaði inniaðstaðan hjá okkur í gömlu slökkvistöðinni og var það mikil bylting í aðstöðu fyrir alla okkar iðkendur og almenna félagsmenn. Eins komu kylfingar sem ekki eru í klúbbnum og nýttu sér golfherminn. Síðustu vikur hefur inniaðstaðan verið lokuð en klúbburinn er búinn að fjárfesta í öðrum golfhermi og verið er að leggja lokahönd á uppsetningu hans en hann verður líka í lokuðu rými. Eins er búið að setja nýtt grasteppi en þegar við opnuðum aðstöðuna í fyrra var sett þunnt grasteppi til bráðabirgða. Við gerum ráð fyrir að opna aðstöðuna í næstu viku. Sigurpáll Íþróttastjóri er búinn að leiða þessa vinnu og viljum við í stjórn þakka honum kærlega fyrir þá vinnu. Þúttklúbbur Suðurnesja mun svo færa sig yfir og samnýta aðstöðuna með okkur í vetur.

Stjórn hefur undanfarin 3 ár starfað eftir þeirri framtíðarsýn sem unnin var árið 2020. Hún fól í sér að bæta vélakost og starfsaðstæður í klúbbnum en búið er til dæmis að fjárfesta gífurlega í vélum og tækjum og hægt að segja klúbburinn standi mjög vel að vígi í dag hvað það varðar. Til að mynda hafa verið keyptar sláttuvélar, vinnubílar, 6 golfbílar, áburðardreifari, vinnufatnaður, vélaskemman var tekin í gegn, búið er að kaupa nýja kæliskápa, djúpsteikingarpott ásamt tveim golfhermum og tilheyrandi í inniaðstöðuna. Í ár fengum við ljósleiðarann loksins í Leiruna og svo í haust var settur upp farsímasendur svo bæði net- og farsímasamband er komið í gott stand núna. Samkvæmt stefnunni átti í kjölfarið að leggja áherslu á verkefni tengd vellinum.

Nokkrir stjórnarmenn hófu þá vinnu í sumar og tóku út völlinn, bæði með tilliti til stærri framkvæmda og eins smærri verkefna og snyrtingar á vellinum. Þeir gerðu samantekt um það sem gera þyrfti til að laga ásýnd vallarins. Í haust var hafist handa við að snyrta og laga til. Okkur langar að þakka sérstaklega Ásgeiri Eiríkssyni fyrir hans hjálp á vellinum í þessum verkefnum.

Stjórnin stóð fyrir kynningar- og skemmtikvöldi í byrjun sumars sem var ágætlega sótt. Þar fór formaður mótanefndar yfir mót sumarsins og kvennanefndin fór yfir sitt starf. Íþróttastjóri var með pub-quiz og félagsmenn áttu notalegt kvöld saman.

Kvennastarfið blómstar hjá GS. Að meðaltali mæta um 30-40 konur í mánudagsgolfið. GS konur heimsóttu Grindavíkurkonur og fengu þær svo einnig í heimsókn í Leiruna. Eins fóru GS konur í óvissuferð á Svarfhólvöll á Selfossi og áttu skemmtilegan golfdag þar í góðu veðri. Kvennaráðið skipuðu Karitas Sigurvinsdóttir, Guðrún Þorsteinsdóttir, Þuríður Magnúsdóttir, Björk Þorsteinsdóttir, Sara Guðmundsdóttir, Halldóra Magnúsdóttir og Brynja Aðalbergdóttir.

GS gerði samning við Bílaleigu Akureyrar og bætti við tveimur golfbílum og eru því bílarnir orðnir sex sem við höfum til útleigu.

Fjárhagsstaða klúbbsins er nokkuð góð þrátt fyrir lægri tekjur og hærri gjöld í ár. Reksturinn skilar fjórum milljónum í hagnað og inn á reikningum eru um 18 milljónir. Lögð hefur verið áhersla á að skuldsetja klúbbinn ekki og kaup á tækjum og tólum undanfarið verið staðgreidd. Skuldsetning klúbbsins hefur því verið í algjöru lágmarki.

Samstarf við Reykjanesbæ hefur verið með besta móti. Í vor var skipt um þak á klúbbhúsinu og verður það klárað næsta sumar. Við gerðum samning um afnot af klúbbhúsinu til næstu fjögurra ára, klúbbnum að kostnaðarlausu. Eins er Reykjanesbær að skoða lagfæringar á Tjarnarkoti. Öll samskipti við bæjarfélagið hafa verið jákvæð og stjórn hefur fundið fyrir velvild í garð klúbbsins sem er okkur mjög mikilvægt.

Samstarfið við eigendur Stóra-Hólms hefur einnig einkennst af góðri samvinnu og hefur sambýlið gengið vel. Stjórn hefur fulla trú á að svo megi vera áfram.

Páll Ketilsson og fjölskylda færðu klúbbnum styttuna Kylfing við klúbbhúsið. Hún hefur sannarlega vakið eftirtekt og vill stjórn þakka Páli og fjölskyldu fyrir þessa skemmtilegu gjöf sem á örugglega eftir að verða eitt af kennileitum Hólmsvallar.

Við erum einstaklega rík af sjálfboðaliðum og vil ég þakka öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg við að aðstoða klúbbinn okkar. Gísli Grétar Björnsson var valinn sjálfboðaliði ársins á uppskeruhátíðinni okkar að lokinni Bændaglímunni. Gísli Grétar hefur lagt til óteljandi vinnustundir fyrir klúbbinn bæði í inniaðstöðunni og í Leirunni. Hann er enn að og á stóran þátt í núverandi breytingunum við uppsetningu á nýjum golfhermi.

Við hjá GS getum verið stolt af kylfingunum okkar sem kepptu fyrir hönd klúbbsins en þeir stóðu sig með miklu þrýði í sumar. Klúbburinn eignaðist m.a. Íslandsmeistara. Stjórn hefur undanfarið lagt áherslu á að eiga lið í sem flestum sveitakeppnum GSÍ og í ár náðist að senda lið í allar fullorðinskeppnir (6 sveitir) og þrjár unglingsveitir. Íþróttastjóri klúbbsins Sigurpáll Sveinsson mun fara betur yfir árangurinn og starf afrekshópsins í sinni skýrslu.

## **Stjórn 2021-2022**

Ólöf Sveinsdóttir formaður  
Sveinn Björnsson varaformaður  
Karitas Sigurvinsdóttir gjaldkeri  
Arnar Ingólfsson ritar  
Sigurður Sigurðsson meðstjórnandi  
Gunnar Jóhannsson meðstjórnandi  
Páll M. Egonsson meðstjórnandi  
Róbert Sigurðsson meðstjórnandi  
Örn Ævar Hjartarson meðstjórnandi

Ég gef ekki kost á mér til endurkjörs sem formaður og eins munu Arnar og Gunnar yfirgefa stjórn. Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka þeim Arnari og Gunnari fyrir þeirra störf fyrir klúbbinn.

Stjórn hélt 9 formlega stjórnarfundum og nokkra óformlega vinnufundi. Eins voru hugmyndir og samþykktir stjórnar unnar í gegnum facebook síðu stjórnar.

Andrea Ásgrímsdóttir framkvæmdastjóri GS sagði starfi sínu lausu í sumar og í kjölfarið auglýsti stjórn eftir nýjum framkvæmdastjóra. Mikill áhugi var fyrir starfinu og sóttu 28 einstaklingur um stöðuna. Viðtöl voru tekin við 8 umsækjendur. Ákveðið var að ganga til samninga við Sverri Auðunsson og mun hann hefja störf hjá klúbbnum núna að loknum aðalfundi meðfram sínu fyrra starfi. Hann gerir ráð fyrir að vera kominn að fullu til starfa um áramót. Sverrir er sannarlega að taka við góðu og vel skipulögðu búi af Andreu. Við bjóðum Sverri velkominn til starfa hjá Golfklúbbi Suðurnesja.

## **Mótamál**

Samanlagt voru haldin 24 mót. Opnu mótin voru 8 talsins og voru þátttakendur 736. Innanfélagsmótin voru 17 og 605 þátttakendur.

## ***Stigamót***

Haldin voru 8 stigamót og 3 þriðjudagsfjör þar sem 368 kylfingar tóku þátt. Að meðaltali tóku 34 kylfingar þátt í hverju móti. Guðrún Þorsteinsdóttir stóð uppi sem stigameistari kvenna 2022 og Oddgeir Karlsson varð stigameistari karla.

## ***Bikarkeppni***

Bikarkeppnin (holukeppni) var haldin eins og venjulega þar sem 32 kylfingar tóku þátt. Sigurvegari bikarkeppninnar 2022 var Haraldur Óskar Haraldsson.

## ***Meistaramótið***

Meistaramót GS fór fram í byrjun júlí og tóku 81 kylfingar þátt. Andrea Ásgrímsdóttir stóð uppi sem GS meistari kvenna og Guðmundur Rúnar Hallgrímsson varð GS meistari karla.

## ***Snærisleikur á Jónsmessu***

Sumarsólstöðumótið eða snærisleikurinn var haldinn á Jónsmessunni og skemmtu félagsmenn sér vel á golfvöllinum.

## ***Bændaglíman***

Bændaglíman var haldin 17. september og ólíkt því sem verið hefur síðastliðin ár á þessu móti var veðrið einstaklega gott. 70 félagsmenn mættu til leiks og áttu frábæran dag í Leirunni í góða veðrinu. Bændur ársins voru klúbbmeistararnir Andrea og Guðmundur Rúnar.

## ***Hjóna og parakeppni - Diamonds Suites***

Hjóna og parakeppni í samstarfi við Hótel Keflavík var haldið í fjórða skiptið og var fullt í mótið eins og vanalega og komust færri að en vildu. Öll umgjörð um mótið tókst vel og Hótel Keflavík frábærir samstarfsaðilar.

## ***GSÍ mót***

Eins og undanfarin þrjú ár var haldið stigamót GSÍ á Hólmsvelli. Mótið var haldið í byrjun júní og mættu 97 keppendur. Þarna öttu bestu kylfingar landsins kappi og var þeim tíðrætt um hve völlum okkar væri í góðu standi, gaman að segja frá því.

Í júní fór fram mót á öldungamótaröðinni, LEK og voru það 131 kylfingur sem mættu til leiks.

Í ágúst var haldið Íslandsmót golfklúbba kvenna 50+ og voru bæði fyrsta og önnur deild sem kepptu á Hólmsvelli. Það var krefjandi verkefni að hýsa tvær deildir en með því að ræsa út með shotgun fyrirkomulagi tókst það með eindæmum vel og voru allir hlutaðeigandi ánægðir með þetta útspil klúbbsins.

## ***Meistaramótið í betri bolta***

GS tók þátt í mótaröðinni *Meistaramótið í betri bolta* eins og í fyrra en það eru haldin nokkur mót yfir sumarið, víðsvegar um landið. Þetta er tveggja manna mót með skemmtilegu fyrirkomulagi.

## Skýrsla íþróttastarfs Golfklúbbs Suðurnesja fyrir starfsárið 2022

Golfklúbbur Suðurnesja (GS) heldur úti öflugu barna-, unglunga- og afreksstarfi í 10 mánuði á ári. Iðkendur stunda æfingar frá nóvember og fram í lok september ár hvert. Yfir vetrartímamann fara æfingar fram í gömlu slökkvistöðinni en yfir sumartímamann í Leirunni. Í þessum töluðu orðum erum við að klára að standsetja nýjan golfhermi í aðstöðunni okkar og einnig hefur verið lagt nýtt gervigras af fullkomnustu gerð á púttsalinn og bæði hermaherbergin. Mig langar að þakka Reykjanesbæ fyrir að fjármagna grasið.

Opnun aðstöðunnar er innan fárra daga og verður það auglýst vel.

Iðkendur æfa þrisvar sinnum í viku á veturna þar sem aðaláherslan er að bæta færni, tækni, jafnvægi og líkamlega getu til þess að bæta sinn leik fyrir sumarið. Yfir sumartímamann eru æfingar þrisvar sinnum í viku auk NETTÓ mótaraðar barna og unglunga þar sem ungir iðkendur fá tækifæri til þess að kynnast því að spila aðalvöllinn okkar og að lækka forgjöf. Aðaláherslan yfir sumartímamann er að viðhalda góðum grunni, bæta leikskilning, leikskipulag, andlega þáttinn og hæfni í að koma betra skori í hús.

Nýliðastarf klúbbsins heldur áfram að vaxa og dafna og hjálpar klárlega til við að fjölga meðlimum í klúbbum okkar. 50 einstaklingar mættu á nýliðanámskeiðin síðastliðið vor sem var svo fylgt eftir með degi þar sem þeim var boðið að koma í Leiruna í skemmtilegan dag. Dagurinn byrjaði með súpu, brauði og örkennslu í vippum frá Sigga Palla. Eftir það var spilað Texas scramble á aðalvöllinum þar sem afrekskylfingar og sjálfboðaliðar gengu með og aðstoðuðu hvert lið. Stefnan er að sjálfsögðu að stækka þessa viðburði og jafnvel bæta fleirum við.

Afrekskylfingar klúbbsins ásamt ungum iðkendum fóru í æfingaferð til Spánar dagana 19-26. mars. Farið var til Spánar, nánar tiltekið á Valle del Este í Almeria héraði. Ferðin gekk vel í alla staði þó að veðrið hafi ekki leikið við okkur frekar en aðra Spánarfara síðastliðið vor. Það stöðvaði ekki okkar kylfinga ásamt nokkrum foreldrum að spila mikið golf. Fjóra Margrét gerði sér lítið fyrir og fór hola í höggi á 12. holu vallarins en sú hola er ein sú flottasta sem undirritaður hefur spilað.

Nokkrir iðkendur GS sóttu mótaraðir Gólf sambands Íslands, Unglingamótaröðina, Áskorendamótaröðina og Stigamótaröð GSÍ fyrir fulloröna. GS á 15 leikmenn á stigalistum GSÍ árið 2022 og er það mesti fjöldi í nokkuð mörg ár.

Þessar mótaráðir eru gríðarlega góður vettvangur til þess að þróa sig og bæta sem kylfing og keppa meðal þeirra bestu. Það er okkar von að iðkendum GS muni fjölga á mótaröðunum á næsta ári og að árangurinn verði enn betri en í ár.

## **Kylfingar ársins**

*Fjóla Margrét er kvenkylfingur ársins hjá Golfklúbbi Suðurnesja.*

Fjóla Margrét átti gott tímabil og lækkaði forgjöf sína úr 4,2 og í 2,1. Fjóla Margrét var valin í landsliðshóp Íslands á árinu og keppti hún fyrir Íslands hönd á opna breska unglíngamótinu þar sem hún náði í sína fyrstu reynslu á alþjóðlegum vettvangi. Fjóla átti gott tímabil hér heima, en hún endaði meðal annars í 2. sæti á stígalista GSÍ í flokki 15-16 ára, varð Íslandsmeistari í holukeppni stúlkna 15-16 og síðast en ekki síst Íslandsmeistari í sveitakeppni GSÍ 21 árs og yngri.

*Logi Sigurðsson er karlkylfingur ársins hjá Golfklúbbi Suðurnesja.*

Logi átti sitt langbesta tímabil á sínum ferli og lækkaði hann forgjöf sína úr 0 og niður í +1.5. Logi spilaði bæði á unglíng- og stígamótaröð GSÍ og eftir sumarið endaði hann sem stígameistari 19-21 árs með miklum yfirburðum enda sigraði hann á 2 mótum, varð Íslandsmeistari í högggleik og í 3. sæti á Íslandsmótinu í holukeppni. Í september átti hann svo stóran þátt í að sveit okkar 19-21 árs varð Íslandsmeistari í sveitakeppni GSÍ.

Klúbburinn sendi sveitir á Íslandsmót golfklúbba í öllum aldursflokkum. Sveitir GS stóðu sig frábærlega og voru klúbbum til sóma á allan hátt. Hér á eftir kemur svo árangur hvernar sveitar fyrir sig.

- Karlasveit GS endaði í 6. sæti í 1. deild eftir að hafa verið hársbreidd frá undanúrslitum.
- Kvennasveit GS sigraði 2. deildina og spilar í efstu deild að ári.
- Öldungasveit karla 50+ lék í efstu deild og endaði í 6. sæti.
- Öldungasveit kvenna 50+ lék í 2. deild og sigruðu hana með glæsibrag og spila í efstu deild að ári.
- Karlasveit 65+ lék í 2. deild, sigruðu hana af öryggi og spila í efstu deild að ári.
- Kvennasveit 65+ endaði í 5 sæti í 1. deild.
- Unglingasveit GS undir 16 ára endaði í 4. sæti af 15 sveitum sem er frábær árangur miðað við 11 sæti í sama móti í fyrra og greinilega mikið bæting kylfinga í þessu liði.
- Barnasveit GS undir 12 ára spilaði í bláu deildinni þar sem liðsforgjöfin var mjög jöfn. Hún gerði sér lítið fyrir og sigraði alla leikina og þar með deildina.

- Sameiginleg sveit GS/GO 21 árs og yngri varð svo Íslandsmeistari í sveitakeppni GSÍ eftir glæsilega spilamennsku. Sveitina skipuðu Fjóla Margrét, Logi og Sveinn Andri frá GS, og Axel Óli Sigurjónsson GO.

Það má segja að íþróttastarfið árið 2022 hafi gengið mjög vel og í raun það langbesta síðan undirritaður hóf störf fyrir GS. Það sem stendur upp úr að mínu mati er tvennt. Annað er að alls unnust 3 Íslandsmeistaratitlar þetta árið (Logi, Fjóla og sveit U21) og hitt er að allar sveitir GS munu spila í efstu deild að ári. Frábær árangur hjá sveitunum okkar.

Það er markmið okkar að fjölga ungum iðkendum ár frá ári því það er ljóst að með því að fjölga þeim erum við að auka líkurnar á að þeir verði framtíðar meðlimir sem munu svo að öllum líkindum koma aftur í sinn heimaklúbb með maka sína og börn í starfið. Mig langar að þakka fyrir gott samstarf við aðra starfsmenn klúbbsins, afreksnefnd, nýliðanefnd, mótanefnd og stjórn GS. Mig langar sérstaklega að þakka Andreu fyrir samstarfið á síðustu 4 árum og um leið bjóða Sverri Auðuns velkominn til starfa. Árið 2023 getur orðið enn betra ef allir leggjast á eitt og vinna á sömu línu varðandi fjölgun meðlima, efla félagsandann og síðast en ekki síst að efla barna-, unglinga- og afreksstarfið okkar.

*Golfkveðja*  
Sigurpáll Sveinsson  
Íþróttastjóri GS

### **Teknar voru saman tölur yfir spilaða hringi á árinu:**

Á árinu 2022 var opið inn á sumarflatir frá 20. apríl og er ennþá opið þegar þetta er ritað, 23. nóvember.

Á tímabilinu apríl til og með september 2022 voru skráðir rástímar 15.743, þar með talin mót. Það er nokkuð lægri tala en á sama tímabili á árinu 2021 en þá voru 17.852 skráðir rástímar.

Af skráðum rástímum (fyrir utan mót) árið 2022 voru 9.601 GS meðlimir sem spiluðu Hólmsvöll en 3058 voru kylfingar frá öðrum klúbbum. Það voru þó nokkuð færri hringir en í fyrra en þá voru tölurnar 10.730 hringir sem GS meðlimir spiluðu og 3.428 voru aðkomukylfingar. Því miður voru veðurguðirnir ekki heldur hliðhollir svæðinu í sumar



frekar en árið áður og heyra mátti á fólki að þrátt fyrir mikla tilhlökkun í byrjun sumars var komin veðurþreyta í kylfinga á miðju sumri.

Júní var fjölmennasti mánuðurinn en þá voru skráðir 3336 kylfingar á rástíma (með mótum).

## **Meðlimir GS**

Fjöldi meðlima GS á árinu 2022 er 624 og skiptist eftirfarandi:

Karlar: 429 (69%)

Konur: 195 (31%)

0-14 ára: 80 (13%)

15-18 ára: 12 (2%)

19-26 ára: 51 (8%)

27-70 ára: 420 (67%)

71 árs og eldri: 61 (10%)

## **Að lokum**

Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka öllu starfsfólki fyrir góð störf í þágu Golfklúbbs Suðurnesja. Þakka styrktaraðilum og Reykjanesbæ fyrir gott samstarf. Þakka öllum sjálfboðaliðum fyrir þeirra framlag. Starfsfólk og stjórn þakkar félagsmönnum fyrir hvatningu og jákvæðni í okkar garð og fyrir að sýna klúbbum sínum áhuga með góðum ábendingum, klúbbum og starfinu til heilla.

Ólöf Kristín Sveinsdóttir

*Formaður*